

36
8. sept.

L Ö G

um

embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Sóknarprestar fá greiddan ferða- og skrifstofukostnað embættis síns,
með 500 eða 700 krónum hver, og fer upphæðin eftir stærð prestakalla, erf-
iðleikum og kostnaði við þjónustu þeirra.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum biskups, fyrirfram til 5 ára
í senn, embættiskostnað hvers prestakalls. Upphæðin greiðist síðan prestin-
um mánaðarlega á sama hátt og embættislaun.

2. gr.

Ráðuneytið leggur sóknarprestinum til löggiltar embættisbækur, svo
og eyðublöð undir lögboðnar skýrslur og embættisvottorð.

3. gr.

Fyrir aukaverk ber prestum þóknun eftir gjaldskrá, er ráðuneytið
setur til 10 ára í senn.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1932. Frá þeim degi eru úr gildi numin
kgsbr. 11. des. 1812 og tilskipun 27. jan. 1847, að því leyti er hún fer í bága
við lög þessi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 8. september 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.